

# Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

SEPTEMBER 2009

9. tbl. 16. árg.



**S. 581 15 15**  
3 staðir 1 símanúmer  
Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6



**Slökkvitækjaþjónustan**  
564 1433  
Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur  
Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki  
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!



Frá vigsleudegi frístundahússins við Kleifarsel. Frá vinstri: Mathea Sigurðardóttir, kennari við Brúarskóla, Edda Borg, skólastjóri Tónskóla Eddu Borg, Óskar Bergsson, formaður framkvæmdaráðs Reykjavíkurborgar, Marta Ólafsdóttir, verkefnastjóri Vinasels, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, forseti borgarstjórnar, María Rós Valgeirsdóttir, verkefnastjóri Hellisins og Kjartan Magnússon, formaður ÍTR.

## Glæsilegt æskulýðshús við Kleifarsel

Glæsilegt æskulýðshús var tekið í notkun við Kleifarsel í Breiðholti laugardaginn 5. september sl. Í húsinu sem er sannkölluð æskulýðsmiðstöð verða á neðri hæð; Frístundaheimilið Vinasel, Frístundaklúbburinn Hellirinn, auk þess sem kennsla frá Brúarskóla verður í húsinu.

Á efri hæð Kleifarsels er Tónskóli Eddu Borg sem var settur í Seljakirkju í 21 skipti sama dag og æskulýðshúsið var tekið í notkun.

Flutningur Tónskólans í hið nýja húsnæði fór fram með formlegum hætti þar sem kennarar og nemendur skólans gengu fylktu liði frá Seljakirkju að Kleifarseli með Lúðrasveit verkalýðsins í broddi fylkingar. Kleifarsel 18 var á sínum tíma byggt sem verslunarhús en eftir að verslun var hætt var húsið nýtt til íbúða um tíma. Síðar komu fram hugmyndir um niðurrif þess og byggingu íbúðarblokkar en þær nutu ekki fram-

göngu m.a. vegna andstöðu íbúa á svæðinu. Reykjavíkurborg eignaðist húsið á síðasta ári og var þá hafist handa um að breyta því í æskulýðshús en endurnýja þurfti allar innréttingar þar frá grunni. Heildarkostnaður við verkið nemur um 165 milljónum króna en heildarflatarmál húsnæðisins er um eitt þúsund fermetrar.

Nánar er fjallað um Kleifarsel á bls. 8.


- bls. 4  
Viðtal við  
Þorstein G.  
Gunnarsson

- bls. 10  
Guðrún Hrefna  
Guðmundsdóttir  
nýr skólastjóri FB

Lyfjaval

A P Ó T E K  
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD

BÍLAAPÓTEK  
HÆÐASMÁRA 4  
opið 10-23 alla daga



**Big  
papas  
pizza**  
Mjódd  
800-9999

**Opið  
16 - 22**  
bigpapas.is  
Fullt af tilboðum  
Besta verðið  
Frábærar pissur  
100% Ísl. ostur

Apótekið í Hólagarði er opið:  
mán-föst: 10-18, laugardaga: 10-14

Apótekið  
lægra verð

Grafarvogi • Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri

Tilboðsverð

Lambakjöt af nýslátruðu  
lambalifur, hjörtu og nýru

Þín verslun

SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788

- á traustum grunni

Eina kjötbordíð  
í Breiðholti

gæði  
úrval  
þjónusta



# Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík

Sími: 511 1188 • 561 1594

Fax: 561 1594

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson, Sími 551 1519, 893 5904

Netfang: thord@itn.is

Auglýsingasími: 511 1188 • 561 1594 • 895 8298

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Íslandspóstur

9. tbl. 16. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

## Austurbergið

Austurbergið í Efra Breiðholti tengir Hóla og Fellahverfin saman. Strætisvagninn lædist eins og köttur um götuna og akandi vegfarendur fara sér hægt yfir hraðahindranir. Gangandi vegfarendur eru öðru hvoru á ferli en minna en gera mátti ráð fyrir þegar horft er til þeirrar fjölbreyttu mennta- og menningar- og afþreyingarstarfsemi sem þar fer fram.

Á horninu við Suðurhóla er Hólabrekkuskóli sem er einn af stærri grunnskólunum í Breiðholti og við hlið hans er FB með tvær þúsundir nemenda. Næst kemur Breiðholtslaugin – ein vinsælasta sundlaug Reykjavíkur ef sundsetrið í Laugardal er frá talið. Þá kemur Íþróttahúsið við Austurberg og síðast en ekki síst klúbb- og keppnissvæði íþróttafélagsins Leiknis. Austanmegin Austurbarsins er að finna Menningarmiðstöðina Gerðuberg þar sem einnig er til húsa öflugt félagsstarf og deild frá Borgarbókasafni Reykjavíkur. Þá æsku- og ungmennasamaðinn Miðberg, verndaða vinnustaðinn Iðjuberg og Tónskála Sigursveins D. Kristinssonar. Þá er skammt í Heilsugæsluna í Efra Breiðholti og nokkra þjónustustarfsemi.

Af þessari talningu má sjá að Austurbergið er einskonar miðbær Efra Breiðholtsins þótt þess beri ekki mikil merki í umferð fólks. Við hönnun götunnar hefur svo tæpast verið um villst fyrst og fremst verið horft til tengihlutverks hennar á milli hverfishlutann tveggja og aðkomu fólks á bílum – fólks sem kemur og fer þegar það hefur lokið störfum sínum, erindum eða annarri aðkomu.

Þrátt fyrir þessa fjölbreyttu starfsemi er fátt að finna við Austurbergið sem gefur til kynna miðbæjarhlutverk þess eða laðar til sín fólk. Á Markúsartorginu á bak við Tónskála Sigursveins og Miðberg hafa ungmenni vinnuskólans rekið kaffihús yfir sumartímann. Rekstur þess hefur þótt nýbreytni og margir nýtt sér þjónustu þess. Markúsartorgið er að öðru leyti steindautt. Þar sér varla unglingskjátu á rölti svo gripið sé til orðfæris Halldórs Laxness utan þess sumartíma sem krakkarnir í Kaffi maskínu selja þar veitinga. Inni í húsi Gerðubergs er annað veitinga- og kaffihús sem fáir virðast vita af aðrir en þátttakendur í félagsstarfinu og þeir sem leið eiga á sýningar og samfundi í húsinu.

Raunar er það verkefni fyrir útsjónarsama arkitekta að koma með hugmyndir að hönnun sem dregið gæti fólk út á þetta svæði og vakið mannlíf. Einnig væri það ágætt verkefni borgaryfirvalda að huga að þessu máli. Þótt nú þurfi að spara og hægja verði á öllum framkvæmdum þá þyrfti ekki að vera um svo mikil fjárútlát að ræða. En umfram allt er fullt tilefni til þess að benda á að þarna á að vera hægt að byggja upp mannlífs- og menningarsvæði.

## Félagsstarf á fullu

Nú er allt félagsstarf að hefjast af fullum þunga eftir hefðbundinn sumardvala. Margvíslegt félagsstarf fer fram í Breiðholti. Mörg félög eru starfandi í borgarhlutanum sem kalla má bæ í bænum og einnig er um öflugt félagsstarf á vegum Þjónustumiðstöðvar Breiðholts og Reykjavíkurborgar að ræða. Styrkur Breiðholtsins sem samfélags byggðar er ekki síst fólgin í öllu þessu öflugra félagsstarfi. Breiðholtsdagarnir sem orðnir eru árviss haustviðburður í lífi Breiðholtsbúa eru glöggt vitni um þá grósku sem einkennir félagslíf og starf þessara heimkynna. Nú stendur undirbúningur þeirra yfir og má hvetja íbúana til þess að leggja sitt af mörkum til að gera þá sem glæsilegasta 19. til 25. október n.k.

# S T U T T A R

## B O R G A R F R É T T I R

### Borgarbúar í áætlanagerð

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt tillögu, borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, um að útfærðar verði leiðir til þátttöku borgarbúa við mótun fjárhagsáætlunar árið 2010. Í samþykktinni felst að borgarbúum verður gefið færi á að forgangsráða ákveðnum fjármunum til nýframkvæmda og smærri viðhaldsverkefna innan einstakra hverfa. Notast verði við netkosningu um verkefni og/eða atkvæðagreiðslur á opnum borgarafundum. Byggt verður á reynslu borgarinnar af verkefninu „1, 2 og Reykjavík“ sem gafst mjög vel. Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri, segir í frétt á vef Reykjavíkurborgar að um nýmæli sé að ræða við fjárhagsáætlunargerð borgarinnar. „Með þessu móti viljum við að íbúar hafi raunveruleg áhrif á forgangsröðun tiltekinna verkefna í nærumhverfi þeirra áður en gengið verður frá fjárhagsáætlun næsta árs.“ Skrifstofu borgarstjóra og fjármálaskrifstofu er falið að undirbúa verkefnið í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands. Tillögur um útfærslu skulu liggja fyrir eigi síðar en 15. október nk.

### Fyrst með loftslagsstefnu

Reykjavíkurborg er fyrst sveitarfélaga á Íslandi til þess að leggja fram loftslags- og loftgæðastefnu en slík stefna hefur verið samþykkt í borgarstjórn. Stefnan er eitt af grænu skrefunum í Reykjavík og meginmarkmið hennar er að draga úr losun á gróðurhúsalofttegundum og bæta loftgæðin í borginni. Stefnan er tvískipt og fjallar annars vegar um langtímaáhrif á loftslag í heiminum og hins vegar um skammtímaáhrif á það loft sem borgarbúar anda að sér dag hvern.

### Einstaklingsnámskrá fyrir börn í sérkennslu

Áhersla er lögð á að einstaklingsnámskrá verði gerð fyrir öll börn sem njóta sérkennslu í leikskólum og á virkni foreldra í mótun og framkvæmd sérkennslu. Þetta kemur fram í nýrri sérkennslustefnu Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar, sem leikskólaráð samþykkti á fundi sínum 26. ágúst. Aukin áhersla verður lögð á að fjölga leikskólum með sérhæfða þekkingu vegna þjónustu við börn með fötlun. Þeir leikskólar sem eru skilgreindir sérhæfir leikskólar skulu vera í fararbroddi við þekkingaröflun á sínu sérsviði og miðla þekkingu til annarra leikskóla. Áhersla er lögð á að efla markvisst samstarf leik- og grunnskóla og stuðla þannig að

meiri samfellu í þjónustu. Aukin áhersla er lögð á mat á sérkennslu í leikskólalastarfi. Þá er lagt til að settur verði á stofn upplýsingavefur sem haldi utan um og miðli hugmyndum og aðferðum sem notaðar eru í sérkennslu. Í stefnunni er lagt til að hafið verði tilraunaverkefni vegna langveikra barna sem dvelja langdvölum heima vegna veikinda og viðhalda þannig tengslum barnsins við leikskólann.

### Velheppnaður bíllaus Laugavegur

Ánægja virðist vera með tilraun sem gerð var laugardaginn 5. september um bílalausn Laugaveg. Mikil umferð gangandi vegfarenda var um Laugavegin

þrátt fyrir rigningskúra af og til. Göngugötur hafa átt erfitt uppdráttar hér á landi og má minnst tilrauna sem gerðar voru með lokun Austurstrætis fyrir bílaumferð á árum áður og þóttu mistakast. Á vef Reykjavíkurborgar er vitanað í ummæli fólks sem fór um götuna umræddan laugardag, gangandi að sjálfssögðu. „Laugavegur er menningargata, hér býr fólk, hér eru veitingahús og verslanir og hingað kemur fólk til að hittast,“ sagði Magnús Jónsson arkitekt. „Mér finnst alveg sjálfgefið að opna Laugavegin fyrir gangandi vegfarendum,“ sagði Elín Jónsdóttir og Ólafur Helgi Samúelsson benti á nýja hljóðmynd götunnar því nú heyrðist ekki í bifreiðum. „Ég kæmi hingað miklu oftár ef Laugavegurinn væri göngugata,“ sagði hann.



Samningur ÍR og flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík um flugeldasölu var undirritaður á íþróttasvæði ÍR síðast liðinn laugardag. Samningurinn nær til áraanna frá 2009 til 2012. Samkvæmt samningnum verður sala flugelda á þessu tímabili í félagsheimili ÍR við Skógarsel í Breiðholti. ÍR mun því áfram leitast við að veita Breiðhyllingum sem öðrum sem besta þjónustu þegar dregur að flugeldasölnunni í aðdraganda áramóta næstu árin. Á myndinni sjást þeir Stefán Þór Þórsson frá flugbjörgunarsveitinni og Bragi Björnsson kaupmaður í Leiksporti hansdala samninginn en Bragi undirritaði hann fyrir hönd ÍR.



# ÞETTA STUDIO

## SIRRÝ LJÓSMYNDARI

### Afmælistilboð!

15% afsláttur af öllum myndatökum út nóvember í tilefni eins árs afmælis ljósmyndastofunnar

## Þetta stúdíó

Þetta stúdíó - thettastudio.is

Nethylur 2b  
Sími: 5577576  
Netfang: sirry@thettastudio.is

## Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar  
www.help.is



# Háskólanemar í verknámi í Breiðholti

Um þessar mundir eru íþróttafræðinemar úr Háskólanum í Reykjavík að afla sér þekkingar og reynslu af vinnu með þátttakendum í félagsstarfinu í Breiðholti.

Íþróttafræðinemarnir munu kynna sér íþrótta- og félagsstarf í hverfinu ásamt því að sjá um kenningu í fjölbreyttri hreyfingu sem boðið er upp á. Þá munu nemarnir vinna með starfsfólki félagsstarfsins í Gerðubergi og Árskógum 4 að ýmsum verkefnum sem ætlað er að efla það íþrótta- og félagsstarf sem í boði er í hverfinu. Með slíku samstarfi öðlast nemarnir dýrmæta reynslu af starfi á vettvangi og hverfið nýtur um leið krafta þeirra til heilla fyrir þátttakendur í félagsstarfinu og hverfið í heild. Fyrr á árinu var undirritaður samstarfssamningur á milli íþróttafræðinema Háskólans í Reykjavík og Þjónustumiðstöðvar Breiðholts og er þessi samvinna afrakstur af þeim samningi.



Frá undirritun samningsins um samstarf HR og félagsstarfsins í Breiðholti.

Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför



Sverrir Einarsson



Hermann Jónasson



Jón G. Bjarnason



Bryndís Valbjarnardóttir



**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**

Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utfarin.is  
Vaktsími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt  
Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur  
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkygningar í fjölmörgum • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar



**ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR**

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is  
Vaktsími: 565 5892 & 896 8242 • Sólarhringsvakt  
Komum heim til aðstandenda ef óskað er

## Fjölskyldumorgnarnar í Gerðubergi

Borgarbókasafn Reykjavíkur fer nú af stað með fjölskyldumorgna þar sem fjölskyldum með börn á aldrinum 0 til 6 ára er boðið að koma og eiga saman góða samverustund á bókasafninu.

Boðið er upp á óformlega dagskrá um ýmis málefni. Leikföng og bækur fyrir börnin eru á staðnum og boðið verður upp á kaffisopa. Um er að ræða tilraunaverkefni en nánari dagskrá verður mótuð í samstarfi við þátttakendur með þarfir þeirra og óskir að leiðarljósi. Um samstarfsverkefni er að ræða á milli Borgarbókasafns Reykjavíkur, Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs og Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar.

## Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:  
511 1188 &  
895 8298

Ný ýsuflök  
1098,- kg

Nýsteiktar  
fiskibollur  
-40%

Gallery  
fiskur

Nethyl 2, 110 Rvk,  
s: 587-2882



Ég er  
**barn** og  
**komst ekki**

Haustið er upphaf skólaársins. Börnin verða um leið afar áberandi meðal gangandi vegfarenda og kröfur um öryggi þeirra aukast til muna. Gangstéttir eru þeirra leið í skólann.

Það er óviðunandi að þau, ásamt fötluðum og fólki með barnavagna, þurfi að fara stóran hluta leiðar sinnar á götunni.



Reykjavíkurborg  
Bilastæðasjóður







# Lausnir á sérstökum vandamálum nemenda



Í lok undirritunar kom hópurinn saman til myndatöku á sólpallinum sem stóð undir nafni þennan fallega sumardag. Sjá ljósmynd frá vinstri: Ragnar Þorsteinsson, fræðslustjóri, Stella K. Víðisdóttir, sviðsstjóri Velferðarsviðs, Helgi Eiríksson, forstöðumaður Frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs, Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri tómsundamála hjá ÍTR, Þorgeir Magnússon, deildarstjóri sérfræðipjónustu skóla á Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts, Þorsteinn Sæberg, skólastjóri Árbæjarskóla, Reynir Daniel Gunnarsson, skólastjóri Ölduselsskóla, Hákon Sigursteinsson, deildarstjóri sérfræðipjónustu skóla á Þjónustumiðstöð Breiðholts, Dóra S. Juliussen, deildarstjóri hjá Barnavernd Reykjavíkur, Sólveig Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts, Sigþór Magnússon, skólastjóri Breiðholts-skóla, Margrét S. Sigurðardóttir, deildarstjóri Skólaselsins í Keilufelli, Þorsteinn Hjartarson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Breiðholts og Arthur Morthens, verkefnastjóri sérkennslu á Menntasviði.

**Skólaselið í Keilufelli er samstarfsverkefni Menntasviðs, Velferðarsviðs og Íþrótt- og tómsundasviðs um lausnamiðaða nemendavernd fyrir grunnskólarnemendur í Árbæ, Breiðholti, Grafarholti og Norðlingaholti.**

Starfsemin hefur staðið yfir í tvö ár í húsnæði Unglingasmiðjunnar Traðar í Keilufelli og er starfið skipulagt í samstarfi við grunnskóla umræddra hverfa, Þjónustumiðstöð Breiðholts, Þjónustu-

miðstöð Árbæjar- og Grafarholts, Frístundamiðstöðina Miðberg og Barnavernd Reykjavíkur.

Meginmarkmið Skólaselsins er að finna lausn á vanda nemenda sem skólunum hefur ekki tekist í samráði við forráðamenn og viðkomandi þjónustumiðstöð. Einnig er markmið starfsins að aðstoða grunnskólana við að veita þeim nemendum sem eiga í miklum hegðunar- og tilfinningalegum erfiðleikum og forráðamönnum

þeirra þverfaglega þjónustu. Samstarfsaðilar komu saman á stuttum fundi í Keilufelli mánudaginn 31. ágúst til að undirrita nýjan samstarfssamning og fá kynningu á starfseminni sem Margrét S. Sigurðardóttir, deildarstjóri, veitir forstöðu. Í selinu fer fram lausnamiðað starf, stuðningur við nám, einstaklingsbundin ráðgjöf og fjölbreytt sérfræðipjónusta þar sem tekið er mið af þörfum hvers og eins.

Ef  $X = 15000/2 \times 5 \times 30 \times 8$  þá er X bestu kaupin í strætó!\*

**Nemakortin eru til sölu á strætó.is**

Vetrarkort - 15000 kr.  
Haustkort - 8000 kr.  
Vorkort - 8000 kr.

\*Ef þú notar vetrarkort tvisvar sinnum á dag, fimm sinnum í viku þá borgar þú aðeins 37 kr. fyrir ferðina.

**www.strætó.is**

Auðveldasta leiðin til að kaupa í strætó

**Breiðholtsblaðið**

Auglýsingasími: 511 1188 & 895 8298  
borgarblod@simnet.is

# Félags- og íþróttastarf í Breiðholti fyrir fólk á öllum aldri

**Í skjóli hússins er hjarta tengt öðru hjarta**

**Markmið félagsstarfs er að draga úr félagslegri einangrun og líkamlegri hrörnun þátttakenda. Með hæfilegri blöndu af lífsgleði og alvöru í hvetjandi og vinalegu umhverfi, ættu flestir að finna vettvang við sitt hæfi, þar sem þekking, reynsla, hæfileikar og frumkvæði hvers og eins fá að njóta sín. Allt miðar þetta að hjálp til sjálfshjálpar.**

Félagsstarf í Breiðholti er rekið af Velferðasviði Reykjavíkurborgar á þremur stöðum í Breiðholti: Félagstarfið er í Árskógum 4, í Gerðubergi og í Seljahlíð. Opið er í öllu félagsstarfi frá 9:00 – 16:30 virka daga, greitt er mánaðarlegt þátttökugjald.

Í öllum félagsmiðstöðvunum eru tölvur, dagblöð liggja frammi og hægt er að kaupa sér hádegismat og síðdegiskaffi samkvæmt verðskrá Velferðasviðs. Frjáls spilamennsku er á öllum stöðvunum en einnig er félagsvist og bridge klúbbur starfandi. Helgistundir eru vikulega í hverri félagsmiðstöð.

Söngstarf, þrjóna- og ýmsir handavinnuklúbbar, smíðastofur, myndlistastofur og bókband eru undir stjórn leiðbeinenda.

Boðið er upp á postulíns-námskeið í Gerðubergi og leirmótun í Seljahlíð. Unnið er fjölbreytt sjálfboðaliðastarf m.a. í verkefninu "Kynslóðir saman".

Íþróttir af mörgu tagi er í boði í félagsstarfinu Árskógum 4, Gerðubergi, Seljahlíð og einnig í ÍR – heimilinu Skógarseli 12.

Gönguferðir og ýmis útvera er í boði frá öllum félagsmiðstöðvunum, púttvöllur eru við Árskóga 4 svo og Breiðholtslaug en þar er einnig boðið upp á sundleikfimi tvisvar í viku.

Í Árskógum og Seljahlíð er boðið upp á baðþjónustu og þar eru reknar hárgreiðslu- og fótaaðgerðastofur. Strætisvagnaleið 3, stansar við Árskóga, Gerðuberg og Seljahlíð en 4, 12 og 17 stansa við Gerðuberg og Mjódd. Upplýsingar um hverfistengda þjónustu eru á **www.breidholt.is** og Þjónustumiðstöð Breiðholts Álfabakka 12 í Mjódd.

Á næstunni verður stofnað nýtt íþrótt, útivista og frístundafélag í Breiðholti en að því vinna íþróttfræðinemar úr Háskólanum í Reykjavík í samstarfi við félagsstarfið í Breiðholti.

Annað sem verður á dagskrá í vetur verður auglýst sérstaklega á stöðvunum og í dagbók morgunblaðsins.

Umsjón með félagsstarfinu í Árskógum hefur Elsa Haraldsdóttir  
elsa.haraldsdottir@reykjavik.is  
sími: 535-2700 Starfið opið öllum

Umsjón með félagsstarfinu í Gerðubergi hefur Guðrún Jónsdóttir  
gudrun.jonsd.@reykjavik.is  
sími: 575-7720 Starfið opið öllum

Umsjón með félagsstarfinu í Seljahlíð hefur Arngunnur Atladóttir  
arngunnur.atladottir@reykjavik.is  
sími: 540-2412 Starfið opið öllum

**www.breidholt.is**



# Breiðholtsskóli 40 ára

Breiðholtsskóli verður 40 ára 24. september næstkomandi. Skólinn, sem staðsettur er í Neðra-Breiðholti, er fyrsti skólinn sem tók til starfa í Breiðholti. Í skólanum eru 485 nemendur í 23 bekkjardeildum. Kennarar við skólann eru 49 og aðrir sem starfa á dagvinnutíma eru 26.

Í tilefni afmælisins stendur skólinn fyrir afmælisfagnaði fimmtudaginn 24. september. Skólinn verður opin almenningi frá kl. 13:00 til 17:00 þann dag. Margt verður til skemmtunar og má í því sambandi nefna að nemendur og starfsfólk skólans ætla í skrúðgöngu um hverfið. Lagt verður af stað frá skólanum kl. 10:30 og genginn „Bakkahringurinn“. Trommusveit mun leiða gönguna. Dagskrá opins húss hefst með því

að hátíðarsamkoma verður sett í íþróttasal skólans kl. 13:00 þar sem m.a. á að afhjúpa listaverk sem nemendur skólans hafa gert. Fram til klukkan 17:00 verður síðan dagskrá víðs vegar um húsið það sem margt verður til sýnis og skemmtunar. Veitingar verða á boðstólum. Sigbór Magnússon, skólástjóri segir öflugt þróunarstarf fara fram í skólanum. Auk þess að efla almenna kennslu megi sérstaklega nefna að útikennsla hefur farið vaxandi, áfram verði haldið að þróa og móta skólafélagið á unglingsstigi sem miðar að því að koma til móts við þarfir nemenda annars vegar með mismunandi námsframboði í ensku, dönsku, íslensku og stærðfræði, og hins vegar með fjölbreyttum valgreinum. Sigbór segir að einnig verði haldið áfram að vinna að

með jákvæða hegðunarmótun og muni það fyrirkomulag nú ná til alls skólans. Sérstakar kynningar verða fyrir foreldra í tengslum við þá foreldrafundi sem hefðbundið er að boða á haustdögum. Breytingar hafa verið gerðar á stundatöflu og tekin upp morgunstund fyrir þá nemendur í 1. til 4. bekk sem þurfa vegna vinnu foreldra sinna að mæta um átta leitið en kennsla hefst hjá nemendum í þessum árgöngum kl. 9:00 en hjá öðrum kl. 8:10. Gefinn hefur verið út sérstakur afmælisbæklingur þar sem stiklað er á stóru í sögu skólans. Það er ósk skólans að sem flestir sjái sér fært að koma í skólann þennan dag, ekki síst foreldrar og fyrrverandi nemendur og starfsfólk ásamt öðrum velunnurum skólans.



Svona sá Halldór Baldursson Svavar Gestsson, fyrrverandi ráðherra og sendiherra koma heim með Icsave samninginn umdeilda

## Halldór í Gerðubergi

Nú stendur yfir í Gerðubergi sýning á myndum skopteikningum Halldórs Baldurssonar. Halldór nefnir sýninguna "Í fréttum var þetta helst" en myndefni hans fjallar einkum um fréttafni undanfarinna mánaða. Myndir Halldórs spanna tímabilið frá 2007 til 2009 þar sem listamaðurinn dregur m.a. upp myndir af aðdraganda kreppunnar, allt frá góðærinu fram til dagsins í dag. Halldór er einkum þekktur fyrir teikningar sínar í blöðum og þá ekki síst í Morgunblaðinu þar sem hann tók við því hlutverki sem Sigmundur Jóhannsson gegndi í áratugi.

Í frétt frá Gerðubergi segir að sjaldan hafi verið mikilvægara að hafa spéspegil á sálarsteturljóðarinnar en nú. Halldór Baldursson sé einn þeirra sem hafi það að atvinnu að halda spéspeglin-

um á lofti. Í skopinum felist oft mikil alvara og því óhætt að fullyrða að starfinu fylgi mikil ábyrgð. Glögg kemur fram á sýningunni að engin skortur hefur verið á myndefni og þar sem ráðamenn þjóðarinnar og aðrir sem koma við sögu atburða liðinna og liðandi stundar eru dregnir sundur og saman - oft í logandi háði. Á sýningartímanum er boðið upp á námskeið í skopteikningu fyrir unglunga og er ætlað þeim sem eru komnir með pólitíska meðvitund og hafa sjálfstraust í teikningu. Farið er í grunnþætti pólitískrar skopmyndateiknunar; sýmbólisma, ýkjur, kaldhæðni og greiningu. Einnig er saga skopmynda skoðuð og staða þeirra í nútímanum. Nemendur fá leiðsögn í teikningu, efni og áhöld verða kynnt og frágangi mynda til útgefenda gerð skil.

## Sigurborg sýnir í kaffi Gerðubergi

Sigurborg Stefánsdóttir, myndlistarkona hefur opnað sýningu á verkum í kaffihúsi Gerðubergs. Myndirnar á sýningunni vísa til ævintýra og táknmynda hvaðanæva að úr heiminum á nýstárlegan hátt. Verkin segja sögur af ljóðrænum og húmorískum manneskjum og furðuverum.

Sigurborg Stefánsdóttir er

fædd í Reykjavík 1959. Hún útskrifaðist frá Danmarks Designskole í Kaupmannahöfn 1987 og var nemandi Hans Chr Höjer á sama stað á árunum 1980-1985. Sigurborg hefur sótt fjölda námskeiða víða um lönd. Sigurborg hefur haldið fjölmargar einkasýningar og tekið þátt í fjölda samsýninga hér á landi og erlendis.

## Fyrsta handverkskaffið heppnaðist vel

Fyrsta handverkskaffi haustsins í Gerðubergi eftir sumarfrí vart haldið miðvikudagskvöldið 2. september og heppnaðist vel og var fjölsótt. Yfirskrift þess var "Flækjur og finerí - þróunarmening á vefnum." Ragnheiður Eiríksdóttir þróunarkona með meiru leiddi gesti um þróunarmeningu á veraldarvefnum, en þar er að finna ótæmandi hugmynda- og upp-

lýsingabrunn fyrir þróunara.

Handverkskaffið verður haldið fyrsta miðvikudagskvöldið í mánuði á bilinu kl 20 til 22. aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir. Handverkskaffið í Gerðubergi naut mikilla vinsælda síðastliðinn vetur og ef fer fram sem horfir má búast við fjölmenni á komandi vetri. Markmiðið með handverkskaffinu er að sögn Guðrúnar Dísar Jónatansdótt-

ur, verkefnisstjóra að bjóða upp á notalega kvöldstund þar sem gestir geta fengið sér kaffi og með því, spjallað og unnið að handavinnu. Boðið er upp á stuttar áhugaverðar kynningar og jafnvel sýnikennslu, allt eftir viðfangsefni kvöldsins. Á meðal verkefna vetrarins fram að jólum má nefna; "Henna húðskreytlist", "Origami pappírslit" og "Heimalagað jólakonfekt".

## Forvarnardagurinn undirbúinn

Hafinn er undurbúningur að forvarnardegnum í ár en hann var síðast haldinn 6. nóvember á liðu ári. Forvarnardagurinn er verkefni sem ýtt var úr vör af Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands og byggist á þeirri hugsun að hvetja ungmenni til þess að verja í það minnsta klukkustund á dag með fjölskyldum sínum þar sem síður eru líkur til að ungmenni sem það gera hefji neyslu fíkniefna.

Einnig er lögð áhersla á íþróttastarf- og skipulagt æskulýðsstarf til varnar fíkniefnum og að ungmenni bíði með að hefja áfengisneyslu þar sem slíkt dregur úr líkum að þau verði fíkniefnum að bráð.

Þessar niðurstöður byggja á niðurstöðum íslenskra vísindamanna sem hafa um árabíl rannsakað áhættuþegðun ungmenna og hafa vakið alþjóðlega eftirtekt. Því meiri tíma sem foreldrar verja með ungmennum því ólíklegra er að þeir leiðist út í fíkniefnaneyslu og þeir unglingar sem telja sig auðveldlega geta fengið stuðning frá

foreldrum sínum eru ólíklegri en aðrir til að leiðast inn á braut fíkniefnaneyslu. Foreldrar sem þekkja aðra foreldra í hverfinu og vini barna sinna draga einnig úr líkum á því að unglingar ánetjist fíkniefnum. Það þarf heilt þorp til að ala upp eitt barn. Samstarf foreldra, þar með talið þátttaka í skólafélagi, æskulýðs- og íþróttastarfi og for-

eldrarólt, er mjög af hinu góða. Þekktu foreldra skólafélaga og vina unglunga þinna og vertu hluti af samfélagi og neti foreldra. Láttu þig varða hag unglunga almennt. Unglingar sem stunda skipulagt íþróttastarf og æskulýðsstarf undir leiðsögn ábyrgra aðila eru ólíklegri til að leiðast út í fíkniefnaneyslu eða aðra óæskilega hegðun.

## Fataviðgerðir

Tek að mér fataviðgerðir, er í Breiðholti

Sími: 557 2183

Geymið auglýsinguna



Komdu í þægilegt og gott umhverfi

# Mjóddin





# Ölduselingar í smádýragreiningu

Fyrstu vikuna í september hafa 9. bekkir í Ölduselsskóla verið að vinna að smádýragreiningu. Smádýrin hafa nemendur m.a. veitt í kartöflugildrum sem legið hafa úti í jaðri skólans í tvo til þrjá daga.

Einnig tókst að fanga geitunga og skoða þá í víðsjá til frekari greiningar. Nemendur vinna að greiningu með aðstoð tækja og greiningarlykla og skila greiningargerð. Líf og fjör var við öflun og greiningu, sér í lagi vóktu geitungarnir athygli en þess má geta að tveir nemendur urðu fyrir lítils-háttar stungu.



Kartöflugildra sem notuð var við að veiða smádýrin.



Fjörutíu og einn fjörugur nemandi í 2. bekk Hólabrekkuskóla fóru ásamt kennurum sínum í berjamó í móann fyrir neðan Suðurhóla. Berin voru því miður af skornum skammti en nú kunna þau í það minnsta að greina í sundur krækilyng og bláberjalyng. Sultugerð er svo á döfinni.

## Að bæta lesskilning og lestrarfærni nemenda

“Það skólaár sem nú er að hefjast hér í Fellaskóla verður okkur öllum vonandi heillaríkt og ánægjulegt. Við stöndum frammi fyrir nýjum verkefnum og fjölmörgum tækifærum sem okkur auðnast vonandi gefa til að vinna vel úr í sameiningu. Skólinn okkar á að snúast um nemendur og að því skal stefnt að allir í skólanum finni sig vera á heimavelli,” segir Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri í Fellaskóla.

Hún segir viðamestu verkefni vetrarins vera þróunarverkefni in Byrjendalæsi og Orð af orði, en báðum þessum verkefnum sé

ætlað að bæta lesskilning og lestrarfærni nemenda. “Stærðfræði fyrir alla er nýtt þróunarverkefni í 5. og 6. bekk sem miðar að því að endurskoða kennsluhætti og leita leiða til að kenna fjölbreyttum nemendahópi þannig að allir fái stærðfræðikennslu við hæfi. Rík áhersla verður lögð á dans- og tónlistarkennslu hér í vetur auk þess sem áfram verður unnið markvisst að eflingu skáklistarinnar.” Kristín segir að fleiri verkefni megi nefna, þar á meðal stefnumótun, endurskoðun námsmats, nýjar leiðir í foreldrarstarfi og eflingu félagsstarfs unglinga.

**Krakkareiðhjól  
í óskilum  
í Seljahverfi.**

Upplýsingar í  
síma 557 1378

## HAUSTDAGAR

Full búð af nýjum haustvörum  
Ath. 15% afsláttur af öllum vörum  
Á haustdögum 17. – 23. sept.

Verið velkomnar

**Fröken Júlía**  
Mjódd - S. 557 5900

# Hólagarður

**NAGLA FEGURÐ**  
Nagliastofa ■ Skóli ■ [www.naglafegurd.is](http://www.naglafegurd.is)

**Persónuleg  
þjónusta og  
þægilegt umhverfi**

Sportvörur • Leikföng • Rífföng

**Leiksport**  
Hólagarði

Sími: 557 5020

Vönduð tískuföt á góðu verði  
Stærðir 36 - 50

**Vefta**  
Tískuföt  
Hólagarði - 557 20 10  
[www.vefta.is](http://www.vefta.is)

**Apótekið**  
lægra verð

**BONUS**  
byður betur

**fætur & fegurð**  
HÓLAGARÐI - LÓUHÓLUM 2-4  
smyrri og fótandgerðastofa  
SÍMI 557-5959

**ÝR**  
HÁRSNYRTISTOFAN  
HÓLAGARÐI

Boltinn í beinni

**BÚLFURINN**  
S: 567 8444  
Krá • Sportbar  
Smurbrauðstofa • Snittur  
**Gullnáman**



Englar og rósin

Mánud. – miðvikud.  
kl. 12 – 18:30  
Fimmtud - Laugard.  
kl. 10 – 21:00  
Sunnudaga  
kl. 10 – 18:00

**reinn**  
efnalaug & þvottahús  
síðan 1975

Sími  
557 2653

Gjafavörur, snyrtivörur og fylgihlutir í úrvali

Snyrtivöruverlsunin  
**Mana**

Sími: 557 1644



# Hátíðastemning í Seljahverfi

Sannkölluð hátíðastemning var í Seljahverfinu 5. ágúst sl. þegar nýtt æskulýðshús var tekið í notkun við Kleifarsel 18. Saga hússins er nokkrum þyrnumum stráð. Það var upphaflega byggt sem verslunarhúsnæði fyrir hverfaverslun í efri hluta Seljahverfisins en verslunarstarfsemi var hætt við Kleifarselið eins og víðar þegar hverfaverslanir tóku að vika fyrir lágvöruverslunum og stórmörkuðum.

Eftir það var húsnæðið nýtt til íbúða um tíma en gafst misjafnlega eins og vill verða þegar atvinnuhúsnæði er leigt út með þeim hætti. Eftir það komst húsið í eigu fjárfesta sem vildu rífa það og reisa íbúðablokk á svæðinu. Þær hugmyndir mættu andstöðu íbúa við Kleifarsel sem töldu umhverfið of þröngt til þess að fjölga íbúðum sem heilli blokk næmi. Var því fallið frá þeim hugmyndum en eftir að Reykjavíkurborg eignaðist húsið á síðasta ári var tekin ákvörðun um að nýta það til æskulýðsstarfa.

Vígsla æskulýðshússins hófst með því að skrudganga frá Tónskóla Eddu Borg mætti á svæðið en hún hóf göngu sína við Seljakirkju þar sem setning skólans hafði farið fram. Tónskóli Eddu Borg stendur á tvöföldum tímamótum. Skólinn hefur starfað í tvo áratugi og er nú að flytjast í framtíðar húsnæði sem er sérstaklega hannað fyrir tónlistarkennslu. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, forseti borgarstjórnar Reykjavíkur, Óskar Bergsson, formaður Framkvæmdaráðs borgarinnar og Kjartan Magnússon, formaður ÍTR tóku á móti skrudgöngunni og öðrum gestum í anddyri hins nýja æskulýðsheimilis. Á eftir fór fram athöfn þar sem þeir Óskar og Kjartan afhentu húsið með formlegum hætti til þeirra sem þar munu starfa og séra Valgeir Ástráðsson, sóknarprestur Seljasóknar flutti blessunarorð og stjórnaði síðan fjöldasöng við undirleik Eddu Borg.

Kjartan Magnússon sagði í samtali við Breiðholtsblaðið að með þessu nýja húsnæðinu yrði frístundaþjónusta borgarinnar í Seljahverfi stórbætt. Aðstaðan væri með þeirri glæsilegustu sem gerðist í borginni og henti starfsemi mjög vel. Hann kvaðst binda miklar vonir við að húsnæðið verði lyftistöng fyrir menntun og heilbriggt tómsundastarf í hverfinu. Hann sagði að með þessu væri stígið mikilvægt skref til aukinnar samvinnu milli menntasviðs og ÍTR sem stuðli að aukinni samnýtingu og hagræðingu því auknið samstarf allra þessara aðila væri í góðu samræmi við markmið Reykjavíkurborgar um aukna samþættingu skólaladags-



Skrudgangan á leið í gegnum Seljahverfið. Forvitinn vegfarandi með reiðhjólahljalm fylgist með.



Ólafur Kristjánsson, fyrrum skólustjóri Tónlistarskóla Bolungarvíkur og bæjarstjóri í Bolungarvík var mættur til að samfagna með dóttur sinni Eddu Borg og tengdasyni Bjarna Sveinbjörnssyni. Hér er hann ásamt Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni, forseta borgarstjórnar og séra Valgeiri Ástráðssyni, sóknarpresti.

ins, t.d. aukið samstarf skóla og frístundastarfs, hvort sem það er á vegum ÍTR eða einkaaðila, t.d. tónlistarskóla og íþróttafélaga.

Í Kleifarseli 18 verður frístundaheimilið Vinasel til húsa og þar stendur sex til níu ára börnum úr Seljaskóla til boða fjölbreytt tómsundastarf þegar hefðbundnum skólaladegi lýkur. Leiðarljós frístundaheimilisins er að hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast í umhverfi, sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu. Um 100 börn eru í Vinaseli og er Marta Ólafsdóttir umsjónarmaður heimilisins. Frístundaklúbburinn Hellirinn verður einnig í Kleifarseli 18 og er hann opinn fyrir ungmenni með fötlun á aldrinum tíu til sextán ára úr Breiðholti, Árbæjarhverfi, Grafarholti og Norðlingaholti. Um tólf félagar eru í klúbbnum, sem vinnur gegn félagslegri einangrun fatlaðra ungmenna. Starf klúbbsins er einstaklingsmiðað og taka félagar sjálfir þátt í að móta dagskrána. María Valgeirsdóttir er umsjónarmaður Hellisins. Í vetur hefst síðan kenning í þátttökubekk Brúarskóla í

Kleifarseli þar sem sex nemendur úr 5. til 7. bekk munu stunda nám. Markmiðið er að vinna sem næst félagslegu umhverfi nemenda í nánú samstarfi við heimaskóla þeirra. Deildarstjóri þátttökubekkjarsins er Mathea Sigurðardóttir og auk hennar munu starfa þar tveir aðrir kennarar. Tónskóli Eddu Borg, sem hefur starfað við góðan orðstír í Hólmaseli undanfarin ár, hefur nú sem fyrr segir flutt á efri hæð hússins við Kleifarsel en um eitt hundrað nemendur stunda nú nám í skólanum.

**Breiðholtsblaðið**

Auglýsingasími:

511 1188 &

895 8298

[www.borgarblod.is](http://www.borgarblod.is)



Árni Johnsen með gítarinn að vanda og brekkulögin hljómuðu um Rithólana í haustblíðunni. Mynd Raggý.

## Árlegt götugrill

Götugrill íbúa í Rituhólum er orðið að árlegri hefð og alltaf ríkir mikil og góð stemning þar sem Árni Johnsen mætir með gítarinn og stýrir fjöldasöng við góðar undirtektir íbúa.

Að þessu sinni var götugrill haldið í byrjun september í einstaklega fallegu og góðu veðri þar sem nánast allir íbúar götunnar voru mættir og til marks um vinsældir götugrillsins þá er sú hefð að skapast að börn þeirra íbúa sem ólust hér upp og eiga foreldra enn í götunni vilja ólm taka þátt í gleðskapnum.

Upphaflega var efnt til götugrills í Rituhólum fyrir þremur árum í tengslum við það þegar formlegri nágrannavörslu var komið á í götunni en Rituhólarnir voru með

fyrstu götum í Reykjavík sem tóku þátt í þessu verkefni. Að sögn íbúa þá hefur nágrannavörslan tekist vel en í götunni er mikil samstaða og gott skipulag á nágrannavörslunni sem hefur eftir persónuleg tengsl og samskipti aukist til muna sem er lykilatriði til að árangur náist en aðal markmiðið með nágrannavörslunni er að gera íbúa meðvitaða, upplýsta og örugga um nágrenni sitt til þess að koma í veg fyrir afbrot. Þegar götugrill er haldið þá er jafnan notað tækifærið og skipt um götustjóra sem sér um samskipti og upplýsingamiðlun til íbúa og voru þær Gerður Sjöfn Ólafsdóttir og Matthildur Guðbrandsdóttir valdar til að taka við götustjórn.

**Úrval af íþrótt- og skólavörum**

**ÍR- og Leiknisvörur í úrvali**

**Leiksport**  
Sími 5575020 Hólagarði

Ekki borga

**15.000 kr.**  
að óþörfu!

Þann 1. október leggst 15.000 kr. vanrækslugjald á óskoðuð ökutæki með endastafinn 7 í númeri og einnig á alla óskoðaða ferðavagna, bifhjól, fornbíla og húsbíla óháð endastaf í númeri. Vegna mikillar aðsóknar í lok mánaðar er óvíst að hægt sé að sinna öllum skoðunarbeiðnum. Forðastu óþarfa kostnað og óþægindi með því að draga ekki fram á seinustu daga mánaðarins að fara með bílinn í skoðun.

AS 09 08



**Aðalskoðun**

[www.adalskodun.is](http://www.adalskodun.is)

Skoðunarstöðvar:

**Reykjavík**  
Skeifunni 5  
Sími 590 6930

**Hafnarfjörður**  
Hjallahrauni 4  
(við Helluhraun)  
Sími 590 6900

**Kópavogur**  
Skemmuvegi 6  
(bleik gata)  
Sími 587 3344





# LENDI MILLJÓNIRNAR HJÁ ÞÉR?

Nú stefnir fimmfaldur Lottópottur á hraða ljóssins í 35 milljónir.  
Leyfðu þér smá Lottó!



FARÐU Á NÆSTA SÖLUSTAD EÐA Á [WWW.LOTTO.IS](http://WWW.LOTTO.IS) OG FÁÐU ÞÉR MIÐA



# Nauðsynlegt að nemendum líði vel

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir tók við starfi skólameistara Fjölbrotaskólans í Breiðholti af Kristínu Arnalds á líðnu sumri. Guðrún er hafnfirðingur og hefur starfað á framhaldsskólastiginu um árabil. Hún stundaði kennslu við Flensborgarskólann í Hafnarfirði og síðar Borgarholtsskóla. Hún starfrækti eigin skóla um tíma, skóla sem nefndist Talnatök og fékkst einkum við stuðningsnám í stærðfræði. Guðrún starfaði einnig um tíma í menntamálaráðuneytinu.

Hún segir aðkomuna að núverandi starfi ekki hafa átt langan aðdraganda. "Ég sá stöðuna auglýsta og ákvað strax að sækja um. Þetta er mjög áhugavert starf. Menntun, ögun og uppeldi ungs fólks er eitt mikilvægasta verkefni samfélagsins."

## Fimm hafa kennt frá byrjun

Guðrún er þriðji skólameistari FB frá byrjun. Fráfarandi skólameistari Kristín Arnalds stýrði skólanum samfelt í 22 ár en Guðmundur Sveinsson var fyrsti skólameistari FB og frumkvöðull í því fjölbreytta skólastarfi sem þar fer fram. "Þetta er mjög fjölbreyttur skóli. Fjölbreyttari en ég hefði gert mér grein fyrir áður en ég kom til starfa. Hér er mjög öflugt kennaralið og skólameningin er rötgróin. Flestir kennarar hafa starfað í mörg ár við skólann og fimm hafa kennt frá því skólinn fór af stað fyrir 34 árum síðan. Þeir eru stundum kallaðir postularnir." Guðrún segir ómetanlegt að hafa slíka starfskrafta. "Þótt ég sé rétt að byrja þá hef ég fundið vel fyrir þeim góða anda og sam-

hljómi sem er á meðal fólksins og hversu jákvætt viðhorfið til nemenda er. Ég skynja mjög sterkt að allir starfsmenn skólans, kennarar sem aðrir eru reiðubúnir til að greiða götu nemenda í hvívetna."

## Starfsbraut fyrir fatlaða og innflytjendabraut

Eitt megineinkenni FB er skipting námsins milli bóknáms og verknáms. "Það er mikill sveigjanleiki í skólastarfinu og kvöldskólinn er einnig mjög öflugur. Fjöldi nema tekur allt námið í kvöldskólanum en aðrir velja að nýta sér kvöldskólann með dagskólanum," segir Guðrún. Innan skólans er að finna auk hins hefðbundna menntaskólanáms og iðnnáms í tré- og rafiðngreinum, sjúkraliða- og snyrtibraut, listnámsbraut og starfsbraut fyrir fatlaða sem er hönnuð og skipulögð að þörfum þeirra. Þá er að finna sérstaka innflytjendabraut sem er hugsuð fyrir fólk sem nýlega hefur flust til landsins eða eru afkomendur fólks af erlendum uppruna.

## Lista- og handiðabrautirnar vinsælar

Guðrún segir myndlistardeildina mjög öfluga. Hún byggir á klassísku myndlistarnámi og það segir nokkuð um deildina og starfið þar að flestir ef ekki allir nemendur þaðan sem sótt hafi um inngöngu í Listaháskóla Íslands hafi fengið skólavist og próf frá deildinni hafi einnig reynst sterk til þess að komast inn í listaháskóla erlendis. „Sömuleiðis hefur handiðabrautin verið afar vinsæl, en þar er kennd fátahönnun. Þá má nefna sérstaka framabraut innan FB en þar er um að ræða afreksíþróttáafanga þar sem íþróttafólki gefst kostur á að stunda íþróttæfingar á skólatíma og fella þær þannig að hefðbundnu námi.“

## Reyndum að taka við sem flestum

„Aðsókn að skólanum er mjög góð og við reyndum að taka við eins mörgum nemendum í haust og við mögulega gátum. Um 300 nýnemar hófu nám á haustönninni en við urðum því miður að hafna nokkrum fjölda umsókna þótt við tækjum mun fleiri inn en í upphafi var áætlað.“ Nú erum hátt í 1400 nemendur innritaðir í dagskólann og um 600 í kvöldskólann þannig að um 2000 manns stunda nám hér þessa dagana. Þá má heldur ekki gleyma sumarskóla FB en fjöldi nemenda hefur tekið framhaldsskólaáfanga í sumar-námi til að flýta fyrir sér.“



Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, skólameistari FB.

## Nýja húsið er bylting

Nýbygging var formlega tekin í notkun við skólann 20. ágúst sl. sama dag og skólinn var settur. Viðbygging við húsnæði skólans var baráttumál Kristína Arnalds, fyrrverandi skólameistara. Upphaflega var óskað eftir um 3000 fermetra byggingu en sú bygging sem nú hefur verið tekin í notkun er um 2000 fermetrar og bætist nú við 10 þúsund fermetra þannig að 20% bætist við húsakost FB. Guðrún segir nýbygginguna nánast valda byltingu í skólastarfinu einkum hvað alla aðstöðu nemenda varðar. "Þetta er mikil breyting. Tólf kennslustofur bættust við auk þess sem stór og bjartur salur er í nýbyggingunni sem er matsalur fyrir nemendur. Salurinn er einskonar fjölnota húsnæði vegna þess að hann nýtist einnig fyrir ýmsa viðburði. Hann getur því þjónað allt frá hlutverki hátíðasals til þess að vera kaffihús og vinnuástaða nemenda. Hann er einskonar FB torg hér í húsinu. Þá má einnig geta þess að í nýbyggingunni eru stórir og bjartir gangar og opin rými sem hafa almennt góð áhrif á fólk." Þess má geta að teiknistofan Arkís og Björn Guðbrandsson arkitekt standa að baki hönnunar byggingarinnar og SS verktakar sáu um bygginguna sem hafist var handa við í apríl 2008.

## Nemendur vaxi af viðfangsefnum sínum

"Brottfallið úr íslenskum framhaldsskólun er auðvitað áhyggjuefni mitt eins og annars skólafólks. Ekki hefur tekist að finna einhlíta skýringu á þessu mikla brottfalli. Ég held að margar ástæður liggja að baki því að fólk hættir eða flosnar upp úr framhaldsskóla. Rannsóknir sýna að trú á eigin getu er mikilvæg forsenda námsárangurs. Góður árangur í námi er besta náms-hvatningin og því vil ég leggja áherslu á að styðja nemendur til árangurs. Námið þarf að höfða til nemenda og gera nægilega miklar kröfur til þeirra. Við fagfólki þurfum að bjóða ungu fólki gott nám. Við þurfum að skilgreina metnaðarfullar námsskrár og matreiða námsefni þannig að nemendur vaxi af viðfangsefnum sínum. Einnig er nauðsynlegt að nemendum líði vel innan veggja skólans og að komið sé fram við þá af fullri virðingu. Skóli er iðaldssöm stofnun í eðli sínu sem þarf að gera ákveðnar kröfur um aga og ástundum, en hann þarf líka að geta staðið að baki nemendum sem þurfa að vinna bug á uppgjöf og agaleysi. Ég vil einnig auka áhrif nemenda á skólastarfið, gera þá að þátttakendum í ákvörðunum um ýmis málefni er varða skólann. Lífið í skólanum speglar lífið úti í samfélaginu. Hér eiga nemendur að læra að lifa í lýðræðisþjóðfélagi."

## Myndlistarskóli Kópavogs

Smíðjuvegur 74, Gul gata

## Haustönnin hefst 21. september.

Innritun stendur yfir á skrifstofu skólans eða í síma 564 1134, 564 1195 eða 863 3934.

Skrifstofan er opin frá mánudegi til fimmtudags kl: 15:00 – 18:00.

Barna- og unglinganámskeið í teiknun málun og mótun.

Fullorðinsnámskeið í flestum greinum myndlistar.

Bættum við námskeiði í módelmálun, vegna mikillar aðsóknar.

Sjá stundaskrá á vefsíðu skólans [www.myndlistaskoli.is](http://www.myndlistaskoli.is)

# LOKSINS FISKBÚÐ Í MJÓDD

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.

FISKBÚÐ HÓLMGEIRS MJÓDD

Smmm

57 ár

Síðan amma var ung hafa Kleinurnar frá Ömmubakstri leikið við bragðlauka landsmanna





# Kríasálmarnir að hefjast



Kríasálmur eru að hefjast að nýju í Fella- og Hólakirkju en það er heiti á kirkjulegum tónlistar-námskeiðum fyrir börn á fyrsta og öðru aldursári og foreldra þeirra. Námskeiðin eiga rætur sínar að rekja til Danmerkur en orðið er þýðing á danska orðinu Babysalmesang. Námskeið sem þessi hafa verið haldin reglulega í Fella- og Hólakirkju og verið mikið líf og fjör.

Á námskeiðunum eru kennd ýmis lög og leikir í notalegu umhverfi kirkjunnar og lögð áhersla á söng og hreyfingu. Einkum er notast við tónlist kirkjunnar en einnig önnur þekkt barnalög,

leiki og þulur. Sönghæfileikar foreldranna skipta engu máli í þessu samhengi, málið snýst fyrst og fremst um að hafa gaman af og að rækta tengsl foreldris og barns. Kennst er á mánudögum kl. 10 og 11 ef næg þátttaka fæst. Næsta námskeið hefst 5. október. Allar nánari upplýsingar má fá í kirkjunni og á síðunni krilasalmar.wordpress.com

**Gerðu góðverk í dag**  
907 2002  
Hjálparstarf kirkjunnar  
www.help.is

## Kór Fella og Hóla æfir Magnificat

Nú er hafið þriðja starfs-ár Kórs Fella- og Hólakirkju undir stjórn Guðnýjar Einarasdóttur organista. Kórinn er blandaður kór og sér um söng í messum ásamt tónlistarflutning við aðrar athafnir í kirkjunni. Kórinn syngur m.a. í allraheilagramessu 1. nóvember og á adventukvöldi í kirkjunni 1. sunnudag í adventu.

Í vetur mun kórinn að auki æfa tónverkið Magnificat eftir John Rutter í samvinnu við Söngsveitina Fílharmóníu og Lúðrasveit verkalýðsins. Verkið er skrifað fyrir kór og símfónihljómsveit en hljómsveitarpurinn verður útsettur fyrir lúðrasveit sérstaklega fyrir þetta samvinnuverkefni. Tónleikar verða haldnir í Fella- og Hólakirkju dagana 6. og 7. febrúar 2010. Æfingar kórsins fara fram í kirkjunni á þriðjudagskvöldum milli kl. 20 og 22. Enn er hægt að bæta við söngvurum í öllum röddum. Áhugasamir geta haft samband við Guðnýju Einarasdóttur í síma 698-9307 eða sent póst á netfangið gudny.organisti@gmail.com".

Foreldrar verum samtaka



## Útivistarreglurnar

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



Samstarfshópur um forvarnir



Ríkislögreglustjórnin

## Brauð ársins! 2009

Brauð ársins er "Bygghleifur" frá bakararnum góða fæst í flestum handverksbakaríum.

**KORNAX**

www.kornax.is





# Minningarsjóður um Gunnar Hauksson

Gunnar Hauksson forstöðumaður Íþróttahússins Austurbergi, Seljaskóla og Kennaraháskólans er látinn, 58 ára að aldri. Hann lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 26. ágúst sl.

Gunnar fæddist í Reykjavík 1. febrúar 1951. Foreldrar hans voru Aðalbjörg Sigurðardóttir, húsmóðir, og Haukur Gunnarsson, fyrrverandi verslunarstjóri í Rammagerðinni. Gunnar útskrifaðist frá verslunardeild Verslunarskóla Íslands og stundaði síðan verslunarnám í London í eitt ár. Er heim kom hóf hann afgreiðslustörf hjá Silla og Valda. Hann var einnig verslunarstjóri Pennans á Laugavegi 178 í rúm tvö ár. Á árunum 1975 til 1991 starfaði hann með föður sínum í Rammagerðinni. Árið 1991 tók hann við Íþróttahúsinu Austurbergi og vann þar til dauðadags.

Gunnar starfaði í mörg ár fyrir Sjálfstæðisflokkinn og var formaður í stjórn Laugarneshverfis og síðar í Fella- og Hólaverfi. Hann var formaður Sjálfstæðisfélagsins Varðar í tvö ár.

Gunnar var dyggur stuðningsmaður Íþróttafélagsins Leiknis í Breiðholti.

Eftirlifandi eiginkona Gunnars er Jóhanna Geirsdóttir, kennari við Fjölbrotaskólann í Breiðholti. Þau eiga þrjú uppkomni börn, Aðalbjörgu, Hauk og Val. Barnabörnin eru þrjú.

Ákveðið hefur verið að heiðra minningu Gunnars með því að stofna minningarsjóð og verður hlutverk hans að styrkja starf yngri flokka knattspyrnudeildar Leiknis árlega. Stofnendur og umsjónarmenn sjóðsins eru Jóhanna Geirsdóttir, ekkja Gunnars, og fjölskylda. Framlög má leggja inn á reikning nr. 0115-15-630268 í Landsbanka Íslands Kt. 270551-2039



Gunnar Hauksson.



Arnór L. Pálsson framkvæmdastjóri, Ísleifur Jónsson útfararstjóri, Frimann Andrésson útfararþjónusta, Svafar Magnússon útfararþjónusta

REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST



Hugrún Jónsdóttir útfararþjónusta, Guðmundur Baldvinsson útfararþjónusta, Þorsteinn Elísson útfararþjónusta, Ellert Ingason útfararþjónusta

*Þegar andlát ber að höndum*

*Önnumst alla þætti útfararinnar*



ÚTFARARSTOFA  
KIRKJUGARÐANNA

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is

Úrval af nýjum fiski

Kofareyktur  
rauðmagi

Sjósiginn fiskur

Opið virka daga frá 10 til 18 og  
laugardaga fram yfir hádegi.

Fiskbúð Einaris

Arnarbakka 4-6 • Sími: 551 1439 - 897 3639

Velkomin í bókasafnið



Bienvenidos a la biblioteca

добро пожаловать в библиотеку

Bienvenues à la bibliothèque

Välkomna till biblioteket

Witamy w bibliotece

Bem-vindos à Biblioteca

Herzlich willkommen in der Bücherei

Welcome to the library

Velkommen til biblioteket

Xin chào đón quý vị!



BORGARBOKASAFN  
REYKJAVÍKUR

Gerðubergssafn  
Gerðubergi 3-5  
www.borgarbokasafn.is

Safnið er opið:  
Mán. - fim. 10-19 og föst. 11-19  
Um helgar: 13-16



## Búálfurinn Hólagarði

LIFANDI TÓNLIST  
UM HELGAR!

BOLTINN Í BEINNI



BÚÁLFURINN - BAR, BOLTÍ OG GRILL



OPNUNARTÍMAR:  
Mán-fim 11.30 - 01.00  
Fös-lau 11.30 - 03.00  
Sun - 11.30 - 01.00

www.alfurinn.is





# TIL UMHUGSUNAR

Eftir sr. Gísli Jónasson

## Að ryðja réttlætinu braut

Eitt afdrifaríkasta og dapurlegasta skeið í sögu íslensku þjóðarinnar er í mínum huga Sturlungaöldin. Í raun má segja að þá hafi ríkt skálmöld hér á landi. Frændur og jafnvel bræður bárust á banaþjótum. Hefndarmorð og önnur óhæfu- og ofbeldisverk voru daglegt brauð. Að lokum leiddi þetta ástand til hruns þjóðveldisins. Þjóðin missti sjálfstæði sitt og komst undir erlent vald næstu 680 árin. Það var sem það væri öllum gleymt, spakmælið forna, að með lögum skuli land byggja.

Í gamla testamentinu finnum við m.a. lögmál Ísraelsmanna, sem síðan er dregið saman í boðorðunum tíu. Þar er um að ræða löggjöf, sem ætlað var að koma í veg fyrir stjórnsýsi og ofbeldi. Koma á réttlæti, lögum og reglum í þjóðfélagi þar sem skálmöld ríkti.

Ein af meginreglum lögmálsins eru orðin þekktu: Auga fyrir auga og tónn fyrir tónn. Þessi regla hefur raunar oft verið misskilin, því hér er alls ekki um að ræða þá hvatningu til endurgjalds og hefndar, sem svo margir halda, heldur er þessi regla þvert á móti sett fram til að tryggja eðlilegt samræmi milli afbrots og refsingar.

Í raun og veru er öll nútíma löggjöf og réttarfar hins vestræna heims grundvölluð á þessari meginreglu. Henni er ætlað að forða manninum frá hinum hræðilegu afleiðingum hefndarþorstans, sem við þekkjum því miður svo alltof vel, t.d. úr sögu okkar Íslendinga á Sturlungaöld. Henni er ætlað að tryggja réttarríkið og forða okkur frá þeirri tilhneigingu mannsins, að borga helst alltaf tvöfalt til baka fyrir það, sem okkur þykir á okkar hluta gert. En slíkt hugarfar leiðir næstum óhjákvæmilega til þess, að ágreiningur og deilur magnast upp og verða jafnvel að óslökkvandí báli. Við þekkjum því miður vafalaust flest sorglega mörg dæmi um slíkt. Það er jú t.d. einmitt vegna slíks hugarfars, sem bílar hafa verið rispaðir á undanförunum mánuðum og það jafnvel hjá blásaklausu fólki, skor-

ið á dekk vinnuvéla, málingu slett, rúður brotnar og mannorðsmorð framin á netinu í skjóli nafnleyndar. Menn eru sífellt að leita að einhverskonar hefnd.

Eins og ég vék að hér áðan hefur lögmálið oft verið rangtúlkað og misskilið á þann veg, að menn hafa jafnvel talið það skyldu sína, að gjalda ávallt auga fyrir auga og tónn fyrir tónn. Það er afdrifaríkt þegar hamslaus heift hefndarinnar tekur þannig völdin í mannlegum samskiptum og byrgir okkur sýn, þannig að menn taka að beita úrræðum, sem kenna mætti við Sturlungaöld. Réttarríkinu er ýtt til hliðar og dómstóll götunnar settur. Væri okkur ekki hollt að hugleiða til hvaða niðurstöðu slíkt upplausnarástand getur leitt fyrir íslenska þjóð, eða höfum við ekkert lært af afdrifum þjóðarinnar við lok Sturlungaaldar?

Jesús Kristur bendir á miklu ágætari leið en leið endurgjalds og hefndar, þ.e.a.s. leið sáttargjörðar, réttlætis og kærleika. Að við skulum umfram allt leitast við að sigrast illt með góðu og leita allra leiða til að stuðla að réttlætinu, fremur en að sækjast eftir því, að fá persónulegum hefndarþorsta okkar svalað.

Þetta var byltingarkenndur boðskapur, eithvað alveg nýtt, sem greindi kristna trú frá öllu öðru sem boðað var. Það er eins og menn geri sér oft ekki grein fyrir hversu byltingarkenndur boðskapur Jesú var eða vilji a.m.k. ekki horfast í augu við það. Það voru sannarlega ekki sjálfsgödir hlutir sem hann boðaði. Þvert á móti var hér um að ræða boðskap, sem margir gátu hvorki skilið né meðtekið, og þannig er það því miður raunar enn. Hinn þekkti trúarleiðtogi og erkiklerkur Írana, Ajatolla Komeni, lýsti því t.d. yfir í frægu sjónvarpsviðtali, að þennan boðskap Krists gæti hann hreinlega ekki skilið. Þetta væri í sínum huga einfaldlega óraunsætt rugl. Hann gat ekki skilið þetta með fyrirgefninguna og sáttina í boðskap Jesú. Endurgjalds- og hefndarleiðin væri að hans dómi það eina

sem vit væri í.

En Jesús bendir okkur á leið kærleikans, þá einu leið sem manninum er fær til réttlátara samfélags. Hann bendir okkur á, að lögin eigi ekki aðeins að ná til hins ytra, heldur verði þau að ná til hjartans. Hann minnir okkur á mikilvægi sambands orða okkar og verka. Hvernig kærlekurinn hljóti að birtast í verki, eins og einmitt var raunin í lífi Jesú sjálfs.

Hversu margt væri ekki öðruvísi okkar á meðal, ef við hefðum lært það betur, að fylgja fordæmi Jesú og framkvæma vilja hans? Heimurinn þarfnast manna sem hafa hlýtt hjarta, sem lætur sig varða neyð annarra. Ef til vill hittir þú einhvern í dag sem er orðinn bitur og sár. Einhvern sem álitur að blóm kærleikans sé dauðt í kulda heimsins. Minnstu þess þá, að við erum kölluð til að sýna náunga okkar að Guð er kærlekur. Sýna það með vinsemd, hjálpssemi og umhyggju.

Lögmálið er til þess ætlað, að benda okkur á ábyrgð okkar. Vekja okkur til lífsins. Kalla fram viðbrögð okkar og þjónustu við náungan. Það er því í raun hin hlið kærleikans. Jesús hvetur okkur til að launa illt með góðu, elska óvini okkar, biðja fyrir ofsækjendum og sýna þeim vináttu og miskunn, sem við í raun viljum alls ekki eiga að vinum. Með þessu ryðjum við réttlætinu leið inn í samfélag okkar. Þetta er leyndardómur kærleikans og það er einmitt þetta, sem Komeni, og margir með honum, eiga svo erfitt með að skilja. Þeir geta raunar alls ekki skilið, vegna þess, að þeir þekja ekki kærleika Krists. Hafa ekki reynt hann í eigin lífi og vantar því allar forsendur til skilnings. Ég vil því ljúka þessum orðum mínum með því að segja, að það er sannfæring mín að kærlekur Krists sé lykillinn að réttlátu samfélagi. Hugarfarið verður að mótast af kærleika og fyrirgefningu Krists, svo við í verkum okkar getum rutt réttlætinu braut í samfélaginu.

## Félagsstarfið

Mikið verður lagt upp úr samstarfi við fjölmarga aðila í félagsstarfinu í vetur, bæði í hverfinu og utan þess, sem eykur fjölbreytni.

Sérstök áhersla verður lögð á hvers konar líkamsrækt og heilsueflingu í víðum skilningi. Viðburðir og dagskrá verða kynnt sérstaklega. Þá eru allar ábendingar og óskir vel þegnar. Hægt er að hafa samband við Félagsmiðstöðina Árskóga í s. 5352700, Félagsstarfið í Gerðubergi í síma 5757720 og við Ágústa H. Gísladóttir frístundaráðgjafa Þjónustumiðstöðvar Breiðholts í síma 5757720. Þá má geta þess að mánudaginn 24. ágúst verður ferðakynning frá Úrvali Útsýn í umsjón Kjartans Trausta Sigurðssonar og Lilju Jónsdóttir. Einnig má geta þess að búið er að nettengja tölvu til afnota fyrir þátttakendur félagsstarfsins í Gerðubergi og verður notkun hennar án endurgjalds.

Nú er unnið að því að setja á stofn íþróttafélag eldri borgara í Breiðholti og er hugmyndin að kynna það á Breiðholtsdögum 19. til 25. október n.k. Þegar er búið að undirbúa og skipuleggja hverfishlaup með almennri þátttöku á Breiðholtsdögum og er Gunnlaugur Júlíusson, hagfræðingur og ofurhlaupari tilbúinn að leggja lið við nánari útfærslu þess og framkvæmd. Unnið er að því að kortleggja aðstöðu fyrir hverskonar íþróttaiðkun og líkamsþjálfun í Breiðholti, m.a. með því að kanna gönguleiðir og annað sem komið getur að notum.

## Tilboð

Fallegar gelneglur með French aðeins **Kr. 6.500**

French gel á tásur aðeins **Kr. 4.500**

Litun og plokkun **kr. 2.800**

Allar vaxmeðferðir á **15% afslætti**

**f Fætur & fegurð**  
HÓLAGARDI · LÓUHÓLUM 2-4 · SÍMI 557 5959

**Gerðu góðverk í dag**  
907 2002  
Hjálparstarf kirkjunnar  
www.help.is

**Buxur.is**  
552 7979

Sparaðu og kaupu daglinsur í Augastað

1.	2.	3.	4.
5.	6.	7.	8.

50% afsláttur  
Frír linsupakki  
Daglinsur • Afsláttarkort



Easytwist barnagleraugu með sveigjanlegu titani á góðu verði í Augastað



- Sjónmælingar
- Linsumátanir
- Gleraugu fyrir alla fjölskylduna

Gucci Dior Boss  
MaxMara Giorgio Armani  
Diesel Marc Jacobs o.fl.

Gleraugnaverslunin þín

**augastaður**  
Mjóddinni • Höfða • Firði • Akureyri • Selfossi



# Jakob Jóhann í góðum gír



Nú er búið að vera sum-arfrí hjá flestum Ægiskrökku-num en nokkrir voru þó í verkefnum erlendis í sumar. Þau Anton Sveinn Mckee og Eygló Ósk Gústafsdóttir tóku þátt í Ólympíudögum Evrópu-æskunnar (EYOF) í Tampere í Finnlandi. Skemmt er frá því að segja að þau stóðu sig frábærlega og voru að bæta sína bestu tíma.



Jakob Jóhann

Jakob Jóhann Sveinsson tók svo þátt í Heimsmeistaramótinu í Róm þar sem hann gerði sér lít-ið fyrir og setti þrjú Íslandsmet en gömlu metin átti hann sjálf-ur. Hann setti þarna met í 50 m, 100 m, og 200 m, bringusundi. Frábær árangur hjá honum og óskum við honum innilega til hamingju með árangurinn. Nú eru svo æfingar að hefjast aftur hjá félaginu og eru elstu hóp-arnir byrjaðir, brónshóparn-ir byrja svo í næstu viku (18,

ágúst) og síðan byrja hóparnir hver af öðrum. Skráningardag- ar eru líka í fullum gangi núna og bendum við áhugasömum á heimasíðu félagsins til nánari upplýsingar [www.aegir.is](http://www.aegir.is). Við vonumst auðvitað til að sjá sem flesta á sundæfingum hjá okkur í vetur enda mikið og skemmti-legt starf framundan.

RG.

Getraunarnr. 111

[www.leiknir.com](http://www.leiknir.com)

Leiknir var stofnað 1973



Austurbergi 1, Efra Breiðholti

## Leiknir stolt Breiðholts

Meistaraflokkur karla sem leikur í 1. deild hefur staðið sig með ágætum síðustu misseri.

Liðið lék stórleik í orrustunni um Breiðholt á Leiknisvelli á dög- unum gegn nágrönnum sínum úr ÍR. Mikil stemning, hiti og hasar var í leiknum eins og gjarnan þeg- ar slík nágrannalið mætast. Leikn-

ismenn voru þó sterkari aðilinn og höfðu 2-1 sigur þegar upp var staðið.

Leiknismenn sigla um miðja deild þegar þetta er ritað. Heima- síða Leiknis [www.Leiknir.com](http://www.Leiknir.com) tók á dögnum saman meðalaldur félaganna í 1. deild og þá kom í ljós að Leiknisliðið var það yngsta

í allri deildinni. Leiknisliðið sem er byggt upp af kjarna heimaal- inna drengja á framtíðina fyrir sér og verður gaman að sjá framhald- ið hjá liðinu. Hvetjum við alla til að koma og styðja hverfisliðið sitt í baráttunni framundan.

## Gunnar Jarl dæmir í efstu deild

Leiknismaðurinn knái Gunnar Jarl Jónsson var á dög- unum hækkadur upp um flokk í hópi dómara. Það þýðir að Gunnar Jarl má nú dæma í efstu deild karla í knattspyrnu. Félag- ið hefur ekki átt dómara í efstu deild síðan Guðmundur Stefán Marinósson dæmdi fyrir alda- mót í deild þeirra bestu.

Gunnar er kunnur úr starfi félagsins þá einkum sem leik- maður. Fyrsta verkefni Gunnars sem A-dómara var að vera fjórði dómari í leik Íslands og Slóveníu á

laugardalsvöllum.

Hannes Halldórsson markvörð- ur sem ól manninn í Breiðholt- inu og í Leiknir Reykjavík var val- inn á dögnum í A-landslið karla fyrir æfingaleik gegn Slóvenum heima. Hannes er Leiknismönnum að góðu kunnur en hann lék öll sín uppvaxtarár í Leikni Reykja- vík og varð meðal annar Íslands- meistari í 6. flokki með félaginu. Hannes leikur nú með Fram en er reglubundin gestur á leikjum Leiknis. Hannes hefur staðið vakt- ina í marki fram í úrvalsdeildinni

með mikilli þrýði og fékk loks kall- ið í A-landslið karla. Hilmar Árni Halldórsson leikmaður meistara- flokks og 2. flokks Leiknis fór á dögnum utan með U18 lands- liði Íslands sem lék í æfinga- móti í Svíþjóð. Hilmar sem er 17 ára lék þrjá leiki með liðinu eða alla sem liðið lék. Hilma kom inn á miðjuna og þótti standa sig með þrýði. Hilmar hefur alla tíð leikið með Leikni en þetta voru hans fyrstu landsleikir fyrir yngri lands- lið Íslands.

Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud og Miðvikud. 12:00 til 15:00

Fimmtudaga 12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30

Föstudaga 13:00 til 20:00

Laugardaga og Sunnudaga 13:00 til 18:00

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00

SKAUTA HÖLLIN REYKJAVÍK

Sími: 588 9705 [www.skautaholl.is](http://www.skautaholl.is)

## Björn á námskeiði í Japan

Björn H. Halldórsson 4. Dan sótti Kodokan, fæðing- arstað Júdó-, íþróttarinnar heim síðastliðið sumar. Þar var haldið námskeið fyrir fremstu þjálfara í heimi. Lág- markskrafa til þátttöku var að viðkomandi væri kominn með gráðuna 4. Dan.

Björn sótti þetta námskeið ásamt 300 öðrum þjálfurum. Heimsins fremstu sérfræðing-

ar kenndu á námskeiðinu, frá 7. Dan upp í 10. Dan. Það eru sex núlifandi núlifandi iðk- endur Júdó með gráðuna 10. Dan. Þrír í Japan og þrír utan Japan, þannig að það undir- strikar kannski öðru fremur hversu rík áhersla var lögð á gæði. Um sjö daga námskeið var að ræða þar sem farið var í gegnum Kata æfingar.



Björn H. Halldórsson staddur á námskeiði í Japan.

## Kvennaleikfimi

Alhliða líkamspjálfun fyrir konur á öllum aldri

Tímarnir eru á Mánudögum og fimmtudögum kl.17:30 í ÍR -heimilinu að Skógarseli 12 (2.hæð)



Íþróttakennari er Eyja Sigurjónsdóttir.

Stakur mánuður: 3.000 kr.

4 mánuðir fram að jólum: 10.000 kr.

Nánari upplýsingar og skráning

í síma 661-9500 eða

[eyja@electropol.is](mailto:eyja@electropol.is)



## Nýliðakennsla ÍR

### FRÍTT fyrir allar stelpur á fótboltanámskeið

Dagana 14. - 25. september verður boðið upp á knattspyrnukennslu fyrir stelpur á sparkvöllunum við Seljaskóla og Breiðholtsskóla.

Námskeiðið er alla virka daga og ekki þarf að skrá sig heldur bara mæta þá daga sem hentar.

Farið verður í grunnatriði svo sem knattrak, skot og sendingar.

Einnig verður farið í ýmsa skemmtilega boltaleiki.

6 - 9 ára kl. 15.15-16.15 • 10 - 14 ára kl. 16.15-17.15

**Komið og prófið!**

## VETUR 2009-2010

### UPPLÝSINGAVEFUR FYRIR

ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDASTARF Í REYKJAVÍK



Hefur þú kynnt þér hvað er í boði fyrir börn og unglunga í borginni?

Á vefsíðu ÍTR er að finna á annað hundrað aðila að Frístundakortinu.

[www.itr.is](http://www.itr.is)



Winter activities in the city for children and teenagers: have you acquainted yourself with what is being offered? There are nearly 200 sponsors to the Leisure Card, which may be found at ITR's website [www.itr.is](http://www.itr.is). (The Department of Sports and Leisure)

Actividades invernales en la ciudad para niños y adolescentes: ¿se ha familiarizado usted con lo que se está ofreciendo? Hay cerca de 200 patrocinadores de la Tarjeta de Ocio, que puede encontrar en la página web de ITR [www.itr.is](http://www.itr.is). (El Departamento de Deportes y Ocio)

Zajęcia zimowe w mieście dla dzieci i nastolatków: czy zapoznaliście się z ofertą? Jest prawie 200 sponsorów karty rekreacyjnej, których można znaleźć na stronie ITR [www.itr.is](http://www.itr.is). (Wydział Sportu i Rekreacji)

กิจกรรมงานฤดูหนาวในเมืองสำหรับเด็กและวัยรุ่น: คุณเคยรู้จักกับกิจกรรมที่เรากำลังเสนอด้วยตัวของคุณเองแล้วหรือไม่ว่ ซึ่งมีผู้ให้การสนับสนุนสำหรับบัตรกิจกรรมนี้ประมาณ 200 ราย ที่ซึ่งคุณสามารถค้นหาข้อมูลข่าวสาร ใดที่เว็บไซต์ [www.itr.is](http://www.itr.is) ของ ITR (แผนกกีฬาและการนันทนาการ)



# Nýir silfurverðlaunahafar ÍR

ÍR eignaðist silfurverðlaunahafa í handbolta á heimsmeistaramóti í U-19 ára þann 31. Júlí sl. Þetta voru þeir Arnór Freyr Stefánsson markvörður ÍR og Þorgrímur Ólafsson miðjumaður og skytta. Við hjá ÍR ákváðum að setjast aðeins niður með þessum drengjum og kynnst þeim aðeins betur.

## Vantaði eitt sinn markmann

- Jæja strákar til hamingju með þennan frábæra árangur. Áður en við byrjum að tala um heimsmeistaramótið langar mig að fá að kynnst ykkur lítillega. Ef við byrjum á þér Arnór. Hver er maðurinn?

“Ég heiti Arnór Freyr Stefánsson og er uppalinn Breiðhýltingur og hef æft handbolta og fótbolta frá því ég var lítill. Handbolta hef ég æft í 11 ár. Ég er búinn að vera í markinu síðustu 9 árin.”

- Hvað varð til þess að þú ákvaðst að byrja að æfa handbolta?

“Bróðir besta vinar míns var að þjálfari. Ég ákvað að kíkja og þá var ekki aftur snúið, svo gaman var í þessari íþrótt.”

- Af hverju að vera í marki þar sem þú getur átt það á hættu að verða skotinn niður, þarf maður ekki að vera létt geggjáður til að standa þarna milli stanganna?

“Það vantaði einu sinni markmann á einu móti sem ég tók þátt í. Það gekk mjög vel sem varð til þess að ég ákvað að halda áfram í markinu. En það er alveg rétt, maður þarf að vera létt geggjáður til að standa þarna og ætli ég sé það ekki.”

- Hvað þarf maður til að ná þessum árangri sem þú hefur náð fram að þessu og hvað ráðleggur þú krökkunum að gera í dag, þó þú sért ekki kominn með mikla reynslu?

“Það er númer eitt að æfa og hafa gaman af því sem maður er að gera. Ef þú hefur ekki gaman af íþróttinni eru ekki miklar líkur á því að þú nái árangri. Svo að sjálfsgöðu að hlusta á þjálfarann.”

## Pabbi sáttur við handboltann

- Þorgrímur, hvað með þig, af hverju byrjaðir þú í handbolta og ert þú uppalinn ÍR-ingur eins og Arnór?

“Ég er ekki uppalinn ÍR-ingur. Byrjaði í Fjölni og ég skipti í ÍR í 5. flokki. Ég byrjaði í handbolta þar sem pabbi var búinn að æfa hann lengi og mig langaði alltaf í handboltann. Karfan var líka að heilla mig en handboltinn varð fyrir valinu og ætli pabbi sé ekki sáttur við það.”

- Nú hlýtur þetta að kosta sitt að vera alltaf á ferðalegum með landsliðinu, fáir þið styrki til að fjármagna þessar ferðir?

“Já að hluta til. ÍR hefur styrkt okkur að hluta og Andrés Þjálfari hjálpaði okkur með góðan styrk þannig að þetta hefur alveg gengið hvað það varðar. Svo treystum við alltaf að einhverju leiti á pabba og mömmu.”

- Hvernig finnst þér liðið hjá okkur



Þorbergur er til vinstri á myndinni en Arnór til hægri.

vera í dag og sérd þú fyrir þér að við förum upp í efstu deild í vor?

“Liðið okkar er mjög ungt en fullt af hæfileikum eru til staðar. Við erum með nógu sterkt lið til að fara upp um deild og ætlum okkur að vera í toppþáttunni í vetur.”

- Hvernig var að tapa í úrslitum og þurfa að taka við silfrinu sem er samt frábær árangur?

“Svekkjandi. Það var mikið spennufall eftir að við áttuðum okkur á að við værum komnir í úrslitaleikinn. „Gott silfur gulli betra“.

- Hvernig var stemmingin í hópnum þarna úti?

“Hún var góð. Við náðum vel saman og það var alltaf gleði á milli æfinga og leikja. Við tókum samt hlutunum alvarlega þegar þess þurfti.”

- Ég frétti að maturinn hefði ekki verið sérstakur þarna úti, hvað fengu þið að borða?

Nú brostu þeir. “Við fengum óætt pasta og hrisgrjón. Svo var fiskur í boði með hausnum og öllu tilheyrandi, þ.e. innylum og öðru sem til er í fisknum. Sem sagt maturinn hjálpaði okkur ekki í þessari velgengni.”

## Lambhyggur og hollusta

- Hér koma svo nokkrar spurningar sem krakkana langar að vita um ykkur.

Arnór. Hvað hefur þú spilað marga landsleiki?

“Ca. 25 leiki.”

- Uppáhalds matur?

“Hamborgarahryggur með tilheyrandi að hætti mömmu. Pabbi kann ekki að elda.”

- Uppáhalds drykkur?

Mountain Dew

- Uppáhalds hljómsveit?

“Það veit ég ekki. Bara Spice girls

- Uppáhalds íslenska bíómynd:

“Dalalíf.”

- Uppáhalds leikmaður í handboltanum?

“Thierry Ohmeyer.”

- Besti íþróttamaður í heimi?

“Ólafur Stefánsson.”

- Ertu hjátrúafullur og ef svo er, hvernig þá?

“Ég er alltaf með sömu rútinu fyrir leiki. T.d. alltaf í sömu peysunni í leik og sama bolnum innanundir. Ég

þvæ þetta samt á milli leikja (eða mamma sér um það).

## Mountain Dew

- Þorgrímur. Hvað hefur þú spilað marga landsleiki?

“Ca. 20 leiki.”

- Uppáhalds matur?

“Allur hollur matur.”

- Uppáhalds drykkur?

Mountain Dew

- Uppáhalds hljómsveit?

“Ég er alæta hvað það varðar. Hlusta á allt gott.”

- Uppáhalds íslenska bíómynd?

“Íslenski draumurinn.”

- Uppáhalds leikmaður í handboltanum?

“Aron Pálmason og brosir út í annað.”

- Besti íþróttamaður í heimi?

“Michael Phelps sundmaður.”

- Ertu hjátrúafullur og ef svo er, hvernig þá?

“Nei ekkert svoleiðis.”

## Toyota gaurinn

- Hér fáir þið spurningar til að athuga hvað þið fylgist vel með inn-á ÍR.

- Hver er formaður ÍR?

“Toyota gaurinn. Sem er kannski rétt en hann heitir Úlfar Steindórs-son og er forstjóri Toyota.” Rétt.

- Hvað heitir formaður Handknattleiksdeildar ÍR?

“Ólafur Gyllason.” Rétt

- Í hvaða sæti er m.fl. karla í 1. deildinni í fótbolta núna í dag (6. ágúst)?

“Í 7. sæti.” Rétt.

- Hver er yfirþjálfari í Keiludeildinni?

“Þetta er ekki séns. Hann heitir Hörður Ingi Jóhannsson.”

- Hvað heitir yfirlíði ÍR í körfunni hjá m.fl. karla?

“Eiríkur.” Rangt. Það er Hreggviður Magnússon.

- Hvað heitir yfirþjálfari í Frjálsíþróttadeildinni?

“Ekki hugmynd.” Hann heitir Þráinn Hafsteinnsson.

- Hvað er ÍR gamalt félag?

“Þar er 102 ára. :að var stofnað 1907. Rétt

HG.

# Handboltakrakkar á skólabekk



Yngir krakkar í handboltaskólanum ásamt skólalæranum.

Handboltaskóli Bjarna Fritz starfaði í Breiðholtinu í ágúst áður en skólarnir fóru af stað. Mjög góð þátttaka var í skólafarfarinu sem undirstrikar mikinn áhuga á handbolta í Breiðholtinu.

Skólinn var skipulagður í takt

við afrekstefnu þar sem fengnir voru inn sérþjálfarar til að fara til dæmis yfir styrktarþjálfun, mataræði, afrekshugsun og fleiri sérhæfðar handboltaæfingar ásamt því að hafa sjálfsgöðu skemmt-anagildið í fyrirrúmi. ÍR stóð fyrir starfsemi skólans.

# Strákarnir áfram í fyrstu deild

Það var kátt á hjalla á ÍR-velli föstudaginn 4. september sl. þegar strákarnir í fótboltanum unnu KA menn frá Akureyri 2-0.

Það með var endanlega ljóst að þeir væru búnir að tryggja sæti sitt í deildinni og spila því aftur í 1. deild að ári.

Þetta var í raun markmiðið fyrir sumarið og nú ætla þeir

að byggja ofan á þennan árangur. Næsti og jafnframt síðasti leikurinn í sumar er gegn Víking Reykjavík á laugardaginn n.k. kl. 14. Lokahóf meistaraflökka-ana verður laugardaginn 3. sept. í ÍR-heimilinu. Fylgist vel með inná heimasíðu ÍR, þar munum við koma fram upplýsingum um lokahófið.

# Tvö ný svört belti hjá ÍR Taekwondo

Hjá ÍR hefur lengi verið starfrækt Taekwondodeild og frá upphafi deildarinnar hafa þeir nemendur sem taka svart belti lagt leið sína til Noregs til þess að þreya svartbeltispróf. Þetta sumarið fóru tveir ungir nemendur í þetta ferðalag, þau Auður Elya Vignisdóttir og Stefán Steinar Ólafsson.

Bæði stóðust þau prófið með þrýði og voru ÍR til sóma. Bættust þau þar með í ört vaxandi hóp svartbeltinga á Íslandi en sá hópur telur nú yfir 40 manns. Íþróttin er afar lifandi og á döf-inni er meðal annars heimsmeistaramótið í Taekwondo sem haldið verður í Kaupmannahöfn dagana 9. til 19. október. Einnig verður haldið Íslands-mót í tækni seinna í haust og stefna ÍR-ingar að því að fjölmenna á það.



# Martha sigraði í hálfu maraþoni

ÍR-ingar áttu góðan dag í Reykjavíkurmaraþoninu og sendi sex sveitir í 10 km og 1/2 maraþon. Veðrið var ágætt en eins og svo oft áður var vindurinn ansi stífur frá km 6 og næstum alla leið í mark hjá 10 km hlaupurunum en fyrir hálf- og heilmaraþonhlauparana þá voru næstu 10 km á móti vindi. Báru tímarnir þess glögg merki í dag. Það hélt þó þurrt fyrir fyrstu keppendum í mark en rigndi þó aðeins um 50 mín eftir að startað var í 10 km. 3527 manns luku 10 km, 1560 luku hálfu maraþoni og hvorki fleiri né færri 670 manns luku heilu maraþoni.

Martha Ernsts dóttir sigraði í hálfu maraþoni á fimnum tíma 1:23,09 klst og um 2 1/2 mínútu á undan næstu konu. Óruggur og enn einn sigurinn

hjá Mörthu í þessari vegalengd, hreint frábært. Birkir Marteinsson varð 5. í mark og þriðji Íslendinga í mark á 1:17.47 klst. Þorlákur Jónsson varð 7. í mark á 1:20.50 klst og 2. í flokki 40 til 49 ára og Sigurjón Sigurbjörns-son varð 6. á 1:21.27 klst. og fyrstur í flokki 50 til 59 ára. Burkni Helgason þjálfari hjá ÍR var skammt á eftir Sigurjóni á 1:23:57 klst.

Í 10 km varð Ólafur Konráð Albertsson í 2. sæti á 35.05 mín sem er stórbæting hjá honum. Sigurður Hansen varð fimmti í mark og í 1. sæti í flokki 40 til 49 ára á 35.52 mín. Þorsteinn Magnússon varð 12. í mark á 37.45 mín og Vignir Már Lýðs-son varð 14. af öllum í mark á 38:06 mín sem er bæting um næstum eina mínútu frá því í fyrra.

Fríða Rún Þórðardóttir varði tit-

ilinn frá því í fyrra í 10 km en hún sigraði í ár á 38:06 mín um 1 mín á undan næstu og hálfri mín hrað-ara en í fyrra. Hún varð í 14. sæti í mark. Aníta Hinriksdóttir hin 13 ára hlaupadrottning varð örugg í 3. sæti í mark á 39:47 mín og varð 29 af öllum í mark. Aníta hljóp á 39:55 mín í fyrra og bætti sig því í ár þrátt fyrir verri aðstæður. Eva María Einarsdóttir varð 2. í flokki 20-39 ára og Hrönn Guðmunds-dóttir varð 2. í flokki 40-49 ára og Soffía Hrafnkels-dóttir 3. í sama flokki.

Valur Þórsson varð 4. í mark í heilu maraþoni og gerði sér lítið fyrir og varð lang fyrstur Íslendinga í mark, tæpum 12 mínútu á undan næsta á tímanum 2:43.36 mín sem er annar besti tími ársins í maraþoni.



GETRAUNANÚMER ÍR ER 109





2009

# Hautið í Garðheimum

Hautið er rómantískur tími, með fállegri lýsingu og haustgróðrinum. Haustfræðsla Garðheima verður áberandi og svo tekur við undirbúningur aðventu og jóla.

## Ágúst

& haustplönturnar



Dýradagar - ættleiðingar  
15. ágúst



Ljósadagar  
27. ágúst

## September

& námskeið, haustlaukar, uppskeran



Grænmetisuppskeran  
10. september



Dýradagar - smáhundar  
12. og 13. september



Kryddjurtir að hausti  
14. september



Hautplöntur og haustlaukar  
17. september

## September frh.

& námskeið, haustlaukar, uppskeran



Leiðissýning  
19. og 20. september



Dýradagar – kettir  
19. og 20. september



Hautverkin í garðinum  
22. september



Hautkransagerð og kertaskreytingar  
24. september

## Október

& nóvemberkaktus



Tækifæriskort og minningarbækur  
1. október



Skartgripir úr skinnvörum  
7. október

## Október frh.

& nóvemberkaktus



Kertadagar & Amerísku jólatrén  
17. október



Ljósaseríukynning  
24. til 25. október



Jólaalandið opnar  
31. október

## Nóvember

& jólastjarnan



Kósí konukvöld  
5. nóvember



Jóla kortin  
15. nóvember



Aðventukransagerð  
21. og 22. nóvember

 =námskeið, nánar á [gardheimar.is](http://gardheimar.is)

## Desember



10 ára afmæli  
Garðheima

2. desember



Jólin í Garðheimum  
hellingur af tilboðum  
og skemmtilegum  
uppákomum  
allan desember